

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 1. Breytingin felst í því að innkeyrsla frá Álfhelli dettur út og bætt var við einni innkeyrslu við Breiðhelli. Allar innkeyrslur eru stækkaðar. Einn byggingarreitur er minnkaður. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 9 og Álfhelli 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 9 og Álfhelli 10. Breytingin felst í því að Álfhelli 10 verður skipt í tvennt í upprunalegt horf, annar helmingur Álfhelli 10 sameinast Einhellu 9 í eina lóð. Byggingarreitum er breytt. Innkeyrslur að Dranghelli eru teknar út og innkeyrslan að Einhellu er færð til og annarri bætt við. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulaginu „Miðbær-Hraun, vestur“ vegna Hverfisgötu 14.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2024 breyting á deiliskipulaginu „Miðbær-Hraun, vestur“ vegna Hverfisgötu 14. Breytingin felur í sér stækkun lóðar og nýtt bílastæði á lóð. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. janúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 19. janúar 2024